

9. bekkur

Danska

Markmið vetrarins:

Hlustun

- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann hefur grunnorðaförða í.
- geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og aðra stutta texta þar sem nauðsynlegt er að allt innihald skiljist nákvæmlega

Lestur

- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á fremur léttu máli, t.d. stuttar sögur og blaðgreinar

Ritun

- geti skrifað stutta texta (60-100 orð) út frá lykilorðum
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri.
- læri nútíð og þátíð sagna
- læri eintölu og fleirtölu
- læri ákveðinn og óákveðinn greini

Talað mál – samskipti

- tileinki sér danskan framburð í mæltu máli.
- geti svarað stuttum spurningum á dönsku.
- geti leitað sér aðstoðar, t.d. spurt til vegar.
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju.

Kennslufyrirkomulag: Lestur, ritun, hlustun, talað mál, þýðingar, námsleikir, bíómyndir, sjónvarpsþættir og verkefni tengd þeim ásamt öðrum verkefnum. Náí nemendur ekki að klára efni tímans í kennslustund klára þeir það heima.

Námsefni: „Smil“ lesbók og vinnubók ásamt hlustunardiski. Annað ítarefni, s.s. krossgátur og þrautir ásamt stílum og öðrum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Stuttar kannanir úr námsbók, þemaverkefni og gátlistar.

Kennari: Baldur Gauti Gunnarsson

Enska

Markmið:

Hlustun

- skilji aðalatriði í sögu, frásögn og samtali tveggja
- geti fylgt meginþræði í myndmiðlaefni sem tengist áhugasviði
- geti fylgt nokkuð nákvæmum leiðbeiningum og upplýsingum

Lestur

- geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tólmstundir og ferðalög
- geti lesið sér til gagns og gamans margs konar léttari texta, t.d. í tímaritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- kunni að nýta sér orðabækur
- geti lesið einfaldaðar smásögur og styttri skáldsögur

Ritun

- geti lýst eigin reynslu, samskiptum, tilfinningum og tengslum við aðra á einfaldan hátt
- geti skrifað stuttan samfelldan texta á tiltölulega réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot eftir fyrirmælum
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um

Talað mál - frásögn

- geti tjáð sig um daglegt líf og ýmis efni sem hann hefur kynnt sér

Kennsluaðferðir: Hlustunarefni, vinnubókarkennsla og yfirferð námsefnis. Einnig einsök þemaverkefni t.d. verkefni sem unnin verða í tölvum.

Námsmat: : Stuttar kannanir úr námsbók, þemaverkefni og gátlistar.

Námsefni: *Spotlight 9* (lestrarbók og vinnubók). Einnig verða lesnir textar, hlustað á enskar sögur, stutt sögubók lesin og önnur þemaverkefni.

Kennari: Þórður Mar Þorsteinsson

Íslenska

Markmið: Að nemendur nái góðum leshraða og efli lesskilning og að þeir geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum. Þjálfist í réttritun og þekki helstu reglur íslenskrar málfræði. Æfist í að skrifa fjölbreyttan texta svo sem skáldatexta, staðreyndatexta og fleira. Að þeir kynnist bókmenntaarfi þjóðarinnar eins og t.d. þjóðsögum, ævintýrum, ljóðum, skáldsögum og einnig nokkrum skáldum. Nemendur skila stærri ritunarverkefni af sér unnum í tölvu, frásögn, kjörbókarritgerð og heimildaritgerðum

Kennslufyrirkomulag: Nemendabókin *Skerpa 2* tekur fyrir þættina málfræði og ritun. Stafsetning eftir upplestri. Bætt verður við stuðningsefni úr öðrum bókum eins og hentar. Droplaugarsonasaga og Englar alheimsins og ljóð ásamt fleiru verður tekið fyrir í bókmenntunum.

Það sem nemendur klára ekki af áætlun í kennslustund þurfa þeir að klára heima.

Einnig er vonast til að nemendur séu duglegir að lesa heima sér til yndisauka fyrir utan námsbækurnar.

Allir morgnar hefjast á frjálslestri hjá bekknum.

Námsefni: *Skerpa 1 og Skerpa 2, Droplaugarsonasaga, Englar alheimsins* og fleira svo sem stuðningsrit á borð við *Sagnorð* o.fl.

Námsmat: Skil á verkefnum, vinnusemi í tímum 40%, stærri ritgerð 10% og kannanir 50%.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson.

Íþróttir

Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfra samhæfingu nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska. Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinir sem þekktar eru á Íslandi. Við **námsmatið** verður tekið tillit til:

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Lestrarpróf

Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi, nákvæmni og síðar framsögn.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

Fyrirkomulag: Nemendur fara í sérstök lestrarpróf 2-3 sinnum á ári. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum og atkvæðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn. Eftir að nemandi hefur náð 250-280 atkvæðum á mín. í leshraða (200-250 hjá nemendum með lestrarörðugleika) einbeittir hann sér frekar að framsögn/upplestur. Þá er áhersla lögð á skýrleika, hæfilegan hraða, leiklestur og svo innlifun og hrynjanda í ljóðalestri. Síðar bætast við augnsamband og líkamsstaða. Rætt er við nemandann um áframhaldandi æfingar og nýtt markmið sett.

Námsefni: Textar á lesfímiprófum frá Menntamálastofnun (Lesfímipróf Lesferils), ýmis ljóð og bækur valdar af kennara til upplestrar. Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 9.bekkjar eru >250 atkvæði á mínútu.

Námsmat: Allar niðurstöður verða birtar foreldrum jafnóðum og hver bekkur hefur verið prófaður.

Kennari: Ásta María Hjaltadóttir

Lífsleikni

Markmið: Að nemendur þjálfist í að segja frá sér og sínum skoðunum á bekkjarfundum. Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda og víðsýni. Að nemendur finni leiðir til að komast vel af við alla og eiga góð samskipti. Að gera nemendur ábyrga fyrir hegðun sinni og framkomu. Að leiða nemendum í ljós hve viðbrögð þeirra og framkoma skipta miklu máli í samskiptum við aðra. Að temja sér jávæðni.

Kennslufyrirkomulag: Bekkjarfundir í tímum þar sem ýmis mál eru rædd. Rætt saman um efni og mál líðandi stundar hjá þeim og í samfélaginu.

Námsgögn: Ýmis valin verkefni, fréttir og efni af netinu og fl.

Námsmat: Virkni og samskipti í tímum.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson

Náttúrufræði

Markmið: Fyrir jól er markmiðið að nemendur átti sig á samspili manns og náttúru og því hvernig gjörðir og athafnir manna hafa áhrif á vistkerfi jarðarinnar. Að nemendur þekki hugtök svo sem vistfræði, vistkerfi, ljóstillifun, gróðuhúsaáhrif, ósonlag, mengun, erfðir og þróun. Að tengja námsefnið við reynsluheim nemenda. Eftir jól verður fjallað um eðilsfræði með það að markmiði að nemendur átti sig á grunnatriðum varðandi rafmagn, hljóð, varma, ljós og loftslag. Að nemendur

þekki hugtök á borð við rafhleðsla, spenna og straumur, straumrásir, raforka, hljóð, massi, rúmmál, eðlismassi, varmi, ljósbrot og fleira. Að tengja námsefnið við reynsluheim nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, verkefnavinna og ýmislegt myndefni skoðað. Leitast verður við að koma verklegum æfingum og tilraunum inn í kennsluna eins og hægt er.

Námsefni: Bækurnar *Maður og náttúra* og *Eðlisfræði 1*.

Námsmat: Námsmat verður með fjölbreyttu sniði, sjálfsmat, jafningamat, frammistöðumat en einnig hefðbundnar kannanir og próf. Einnig verður áhugi og virkni metin inn í einkunn og prófað að nýta tölvutæknina til að mynda með Kahoot- könnun o.fl.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Samfélagsfræði

Markmið: Að nemendur kynnist efnahagslega og félagslega þróun ólíkra svæða heimsins og það hvernig maðurinn byggir upp og nýtir jörðina

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður og ýmislegt myndefni skoðað. Nemendur lesa kafla heima fyrir tíma og kennari fer í efnið í tímanum með þeim. Samkennsla er með 8.bekk

Námsefni: Um víða veröld eftir Egil Sveinbjörnsson

Námsmat: Verkefni gilda 30% og kannanir gilda 70% af lokaeinkunn.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson

Starfsfræðsla

Markmið: Að nemendur verði meðvitaðir um áhugasvið sín er snúa að námi og starfi. Að þeir kynnist mismunandi vinnustöðum af eigin raun, með það í huga hvaða störf verða valin til framtíðar.

Kennslufyrirkomulag: Námið er utan stundarskrár, þannig að nemendur verða helst að stunda starfsfræðsluna utan skólatíma. Í mörgum þjónustufyrirtækjum er aðal annatíminn föstudagar og laugardagar. Nemendur þurfa að setja sig í samband við vinnustaði og sækja um að fá að koma í starfsfræðslu. Þeir fá aðstoð við það frá umsjónarmanni starfsfræðslunnar ef á þarf að halda. Þetta er gert með það í huga að þeir æfist í að sækja um vinnu. Foreldrar aðstoða nemendur eftir þörfum við að komast á vinnustað. Ef nemendur klára ekki starfsnám á tilsettum tíma verða þeim skaffaðir vinnustaðir af kennurunum.

Nemendur þurfa að skila 24 klst yfir veturinn, 12 klst fyrir jól og 12 klst eftir jól, nema um annað sé sérstaklega samið. **Fyrir jól:** Allir þurfa að vera búnir að setja sig í samband við vinnustaði og sækja um starfsnám fyrir **15. október** og skrá hjá kennara. Fyrri hluta starfsnáms þarf að vera lokið fyrir **1. desember**. **Eftir jól:** Allir þurfa að vera búnir að setja sig í samband við vinnustaði og sækja um starfsnám fyrir **15. febrúar** og skrá hjá kennara. Fyrri hluta starfsnáms þarf að vera lokið fyrir **1. maí**.

Námsefni: Ljósrit kennara.

Námsmat: Nemendur vinna verkefni í starfskynningu sem þeir skila til kennara. Það ásamt áhuga, virkni og umsögn frá vinnuveitendum gildir til einkunnar.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson.

Stærðfræði

Markmið: Að nemendur bæti ofan á þann grunn sem fyrir er í reikniaðgerðunum. Þeir efnisþættir sem farið verður í í vetur eru tölur og talnareikningur, föll, mál og mælieiningar, rúmfræði og

útreikningar og líkur og talningarfræði. Sjá nánar efnisyfirlit í nemendabókunum og æfingaheftunum Skali 2A og Skali 2B.

Kennslufyrirkomulag : Innlagnir í tímum og nemendur vinna síðan samkvæmt áætlun (lotu) þau dæmi sem valin hafa verið. Nemendur bera ábyrgð á að fylgja námsáætlun kennara og vinna jöfnum höndum yfir önnina. Ef nemendur ná ekki að klára í tímanum dags- og/eða vikuáætlun verða þeir að klára heima. Mikilvægt er að nemendur fletti reglulega yfir efnið heima til að rifja upp og taka saman aðalatriði. Tekið er próf eftir hvern kafla/námslotu. Meti kennari það svo að markmiðum lotunnar sé ekki náð þarf nemandi að taka afmarkaða hluta hennar aftur áður en hann fær að halda áfram í næsta kafla. Áhersla er lögð á góðan frágang, útreikninga og uppsetningu og gilda þessir þættir einnig til einkunnar. Nemendur skulu hafa reiknivél sér til aðstoðar við lausn viðfangsefna þar sem við á.

Námsefni: Bækurnar *Skali 2A* og *Skali 2B* og fleiri gögn ef þurfa þykir.

Námsmat: Nemendur munu taka kannanir eftir hverja lotu og gilda þær 80% og virkni í tímum 20% á móti.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Sund

Markmið: Að nemendur upplifi sundlaugina á jákvæðan hátt og líta á sund sem raunhæfa leið til líkamsræktar.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsar æfingar til að auka getu nemenda og færni, auk leikja til að nemendur fái jákvæða mynd af sundlauginni.

Námsmat: Áhugi, virkni, hegðun, 9. sundstig.

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Tölvufræðsla

Markmið:

-Að nemendur geti nýtt sér ritvinnsluhugbúnað (Word) til að koma eigin hugmyndum og námsverkefnum á tölvutækt form og læri um leið á ritvinnsluhugbúnaðinn.

- Að nemendur læri að setja inn myndir, töflur, heimildaskrá, efnisyfirlit, tilvitnanir, tilvísanir o.fl. í ritvinnslubúnaðinum. Einnig að nemendur læri að leita sér heimilda á netinu og á bókasöfnum og skrá upplýsingar og vinna úr heimildum með eigin orðum.

- Að nemendur nýti tölvufærni sína á hagnýtan hátt í öðrum námsgreinum.

- Að nemendur kynnist Excel töflureikni og geti notað hann á einfaldan hátt.

- Að nemendur geti leitað upplýsinga á netinu og nýtt sér möguleika þess sem upplýsingaveitu og uppsprettu hverskonar fróðleiks.

Kennslufyrirkomulag: Einn tími vikulega þar sem unnin eru verkefni úr námsgreinum nemenda og unnið að skólablaðinu.

Námsefni: Unnið verkefni í ritvinnslunni, Excel eða Power Point verkefni í námsgreinum nemenda.

Námsmat: Verður inni þeim námsgreinum sem unnið er í í tölvutímum og dugnaður í skólablaðsvinnunni metinn.

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Kennari: Þórður Mar Þorsteinsson

Val á unglíngastígi vetrinn 2018 – 2019

Fellaskóli

Veturinn skiptist í 5 tímabil, 2 fyrir jól og 3 eftir jól.

Á fyrstu tveimur tímabilunum fer valið fram í Fellaskóla. Nemendur fá koma með hugmyndir að viðfangsefnum og velja svo það sem þá langar að gera, reynt er að koma til móts við óskir nemenda eins og hægt er.

Í vetur verður á fyrsta tímabili boðið upp á smíðar, stuttmyndagerð og tónlist/söng. Á öðru tímabili verður í boði ljósmyndun, spilaval og ökunámsundirbúningur.

Eftir áramót er stefnt að sameiginlegu vali með unglíngastíginu í Egilsstaðaskóla. Sú vinna er enn í mótun en verður með svipuðu sniði, nemendur velja sér viðfangsefni og reynt verður að koma til móts við óskir þeirra eins og kostur er. Valið mun þá fara fram í báðum skólunum og nemendur flakka eitthvað á milli skóla. Þetta val mun fara fram á tímabilum 3 og 5, dagsetningar eru ekki niðurnegldar en á tímabili 3 er janúar/febrúar undir og tíminn eftir páskafrí fyrir tímabil 5.

Allir nemendur í Fellaskóla taka þátt í árshátíðarundirbúningi á tímabili 4 (frá lok febrúar fram til 11. apríl).

Eins og áður hefur verið geta nemendur sem eru í skipulögðu íþróttastarfi, tónlistarnámi eða vinna reglulega með skóla fengið frí frá vali hluta af vetrinum. Í vetur verður fyrirkomulagið þannig að nemendum hefur verið skipt á valtímabilin, um 6 nemendum stendur til boða að taka frí á hverju tímabili. Séu þau í tómsundastarfi og ætli að nýta þennan kost þurfa þau að skila staðfestingu undirritaðri af foreldrum.